

Skólaráðsfundur 20. september 2017.

Mættir: Guðrún Soffía Jónasdóttir, Ástrós Magna Vilmundardóttir, Árnína Steinunn Kristjánsdóttir, Bryndís Jónsdóttir, Thorvar Hafsteinnsson, Smári Þorbjörnsson,

Skólastjóri fór yfir helstu atriði varðandi skólaárið sem nú er nýhafið. Mikill tími hefur farið í mannaáráðningar og enn vantar fólk í dægradvöl. Í upphafi vetrar var einungis hægt að byrja með 1. bekk í dægradvöl en nú er að rætast úr og 2. bekkur mun koma inn þann 1. október. Áfram verður unnið að ráðningum fristundaleiðbeinanda. Við teljum mikilvægt að geta boðið 3. bekk dægradvöl og 4. bekk klúbbastarf.

Einnig er verið að auglýsa eftir stuðningsfulltrúum og einn kennari hefur ákveðið á hætta störfum svo auglýsa þarf þá stöðu. Annað hefur farið vel af stað í skólastarfinu og er bjartsýni á að veturinn verði góður.

Rætt var um fundadagatal skólaráðs og fundartíma fyrir skólaárið. Ákveðið var að funda mánaðarlega og á miðvikudögum kl:8:10. Skólastjóri sendir á skólaráðsfulltrúa tillögu að fundardögum.

Í framhaldinu var rætt mikilvægi þess að nemendafulltrúar væru upplýstir um hlutverk sitt sem fulltrúar allra nemenda skólans og að farið yrði yfir með þeim hvernig þeir gætu miðlað til nemenda upplýsingum og komið með mál frá nemendum inn á skólaráðsfundi. Bryndís kynnti fyrir skólaráði handbók skólaráða.

Önnur mál:

Þorvar kynnti forvarnarverkefni sem foreldrafélagið mun helga krafta sína í vetur og tengist kvíða. Foreldrafélagið ætlar að bjóða starfsfólki skólans á leiksýningu þar sem umfjöllunarefnið er kvíði. Foreldrafélagið hefur einnig áhuga á að kynna þetta leikverk fyrir foreldrum og nemendum unglingadeildar. Sýningin er í Tjarnarbíói og nefnist Fyrirlestur um eitthvað fallett. Ætlunin er einnig að fá sérfræðing í skólann með fyrirlestur um kvíða. Unnið verður með verkefnið í 8. til 10. bekk. Þetta forvarnarverkefni verður unnið áfram í vetur í samstarfi Vatnsendaskóla, Hörðuvallaskóla og Kópavogsskóla og félagsmiðstöðva skólanna.

Rætt um verkefnið Okkar Kópavog og hve mikilvægt sé að foreldrar skólabarna í Vatnsendaskóla veiti verkefnum sem tengjast skólalóðinni atkvæði sitt í kosningu um verkefni. Einnig þurfa verkefni sem tilnefnd eru að vera vel skilgreind til þess að þau komist áfram í atkvæðagreiðsluna. Körfuboltavöllur, Kastalavæði og fleira var nefnt sem hgmmyndir fyrir fjölbreyttari og skemmtilegri skólalóð.

Rætt um að forma bréf til þess að senda til Kópavogsbæjar þar sem farið yrði fram á að framkvæmdum á skólalóð sé haldið áfram og þeim lokið. Leiktæki vantar og víða skapast drullusvæði á skólalóð í vatnsveðri.

Fundarritari,
Guðrún Soffía Jónasdóttir